



Mynd: KBH

Starf sérfræðings á þróunarsviði Byggðastofnunar

Byggðastofnun leitar að öflugum liðsfélaga sem býr yfir frumkvæði, skipulögðum vinnubrögðum og getu til að sinna rannsóknum. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%. Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Helstu verkefni

- Framkvæmd megindlegra og eigindlegra rannsókna og úrvinnsla gagna
- Skýrsluskrif og þekkingarmiðlun
- Þátttaka í mótun rannsóknarstefnu og rannsóknaráætlunar á sviði byggðamála
- Faglegur stuðningur við ýmis verkefni á sviði tölfræðigreininga

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda
- Reynsla og þekking af rannsóknum
- Færni í textagerð og miðlun rannsóknaniðurstaðna
- Góð færni í samskiptum
- Drifkraftur, metnaður og skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti
- Kostur er að hafa vald á dönsku, norsku eða sænsku

Aðalskrifstofa stofnunarinnar er í nýju húsnæði á Sauðárkróki en í samræmi við byggðastefnu stjórnvalda er möguleiki á að ráða í starfið óstaðbundið, en skal það þó unnið utan vinnusóknar höfuðborgarsvæðisins. Byggðastofnun hefur tekið saman og birt upplýsingar um mögulegar starfsstöðvar fyrir óstaðbundin störf sem má finna á vefsíðu stofnunarinnar. Umsækjendur eru beðnir um að tilgreina ósk um starfsstöð í umsókn sinni. Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknin getur gilt í allt að sex mánuði frá birtingu. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Senda skal umsókn til Byggðastofnunar, Sauðármýri 2, 550 Sauðárkróki eða á netfangið postur@byggdastofnun.is

Umsóknarfrestur er til og með 9. maí 2022

Frekari upplýsingar veitir Sigríður Elín
Þórðardóttir, forstöðumaður þróunarsviðs,
sigridur@byggdastofnun.is
eða í síma 455 5455



BYGGÐASTOFNUN